

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. júlí 2016  
2016060013/42-8  
TB  
tb

**Umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Geitdalsárvirkjun á vatnasvið Geitdalsár á Fljótsdalshéraði**

Visað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Geitdalsárvirkjun á vatnasvið Geitdalsár á Fljótsdalshéraði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna vegna áætlana um Geitdalsárvirkjun í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til í verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Í greininni kemur m.a. fram að ef ekki hefur verið tekin afstaða til virkjunarkosta í gildandi áætlun skulu þeir lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki. Um þá segir að heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra. Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að farið sé í einu og öllu að lögum um náttúruvernd t.d. um akstur utan vega og að öllu raski sé haldið í algjöru lágmarki þar sem hér er eingöngu um rannsóknaleyfi að ræða.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

